



Íslenskur Toppfótbolti

Hagsmunasamtök þeirra félaga sem reka lið í tveimur efstu deildum í knattspyrnu karla og kvenna

Markmið og tilgangur

Aðildarfélög ÍTF →

Endurbætt heimasíða ÍTF

Heimasíða ÍTF, www.toppfotbolti.is, hefur tekið nokkrum breytingum undanfarið og búið er að endurbæta síðuna með mörgum áhugaverðum upplýsingum.

Öll fréttabréf ÍTF eru birt á heimasíðunni í tímaröð og hægt að nálgast þau öll hér [Samþykktir, fundargerðir og ársreikningar - Íslenskur Toppfótbolti \(toppfotbolti.is\)](#)

Ársreikninga, fundargerðir stjórnar, samþykktir og fleira má finna á sömu slóð og geta því allir sem áhuga hafa á fylgst með starfsemi ÍTF á aðgengilegan hátt, fjármálaupplýsingar og samþykktir stjórnar liggja allar fyrir á heimasíðunni.

Þar er jafnframt að finna áhugaverðar skýrslur og gögn sem snúa að starfsemi félagsliða í knattspyrnu, s.s. samantektarskýrslur UEFA, European Leagues og FIFA en í þeim skýrslur er gríðarlega mikið af upplýsingum sem nýtast vel við samanburð á milli deilda og hjálpa til við að marka stefnu fyrir íslenskan fótbolta til lengri tíma. Hér er hægt að nálgast allar þessar upplýsingar [Skýrslur & gögn - Íslenskur Toppfótbolti \(toppfotbolti.is\)](#)

Undir markaðsefni á síðunni, [Markaðsefni - Íslenskur Toppfótbolti \(toppfotbolti.is\)](#), er að finna ýmist efni sem tengist Bestu deildunum og Lengjudeildunum auk leiðbeininga um framkvæmdir leikja sem og handbók leikja sem KSÍ gefur út.

Heimasíða ÍTF er áfram í þróun, síðan er ekki fréttasíða að öðru leyti en því að fréttabréf ÍTF birtast þar mánaðarlega. Allar ábendingar um efni sem á heima inn á síðunni eða upplýsingar, t.d. fyrir aðildarfélögin, eru vel þegnar.



Íslensku karlaliðin í Evrópu – Víkingur í Sambandsdeildina!

Karlalið Breiðabliks, Stjörnunnar og Vals eru öll úr leik í Evrópukeppninni þetta árið eftir að hafa farið í 2.umferð undankeppni Sambandsdeildarinnar. Hvert og eitt lið fær 700.000 evrur fyrir þátttöku sína í Evrópukeppninni í ár eða um 105 milljónir íslenskra króna og munar um minna.

Víkingur hins vegar hóf vegferð sína í forkeppni Meistaradeildarinnar þar sem lið var slegið út í 1.umferð en fór þá beint inn í 2.umferð forkeppni Sambandsdeildarinnar þar sem liðið sló út Flora Tallinn frá Eistlandi og mætti svo liði Santa Coloma frá Andorra í umspili um sæti í Sambandsdeildinni og hafði þar betur með 5-0 sigri á heimavelli og 0-0 jafntefli á útivelli.

Glæsilegur árangur hjá Víkingum og verður athyglisvert að fylgjast með liðinu í baráttunni í nýju fyrirkomulagi Sambandsdeildarinnar þar sem nú er ekki leikið í einstaka riðlum heldur er spilað eftir fyrirkomulagi deildakeppni. Víkingur leikur 6 leiki, 3 á heimavelli og 3 á útivelli, en gegn 6 mismunandi liðum.

Víkingur er í neðsta styrkleikaflokki af 6 og leikur við eitt lið úr hverjum styrkleikaflokki. Það eru því 36 lið í deildarkeppninni og til þess að eiga möguleika á því að komast í 16 liða úrslit keppinnar þarf Víkingur að enda í 24.sæti deildarinnar eða ofar, efstu 8 liðin fara beint í 16 liða úrslit en liðin í 9-24 sæti leika um hin 8 sætin. Það eru því enn töluverðir möguleikar fyrir Víkinga að gera jafnvel enn betur í Evrópu en þegar hefur verið gert.

Dregið var á föstudaginn, 30.ágúst í Sambandsdeildinni og eru leikir Víkings eftirfarandi:

- Omonoia (Kýpur) – Víkingur 3.október
- Víkingur – Cercle Brugge (Belgía) 24.október
- Víkingur – Borac (Bosnía) 7.nóvember
- Noah (Armenía) – Víkingur 28.nóvember
- Víkingur – Djurgarden (Svíþjóð) 12.desember
- LASK (Austurríki) – Víkingur 19.desember

Þess má geta að með því að taka þátt í Sambandsdeildinni hefur Víkingur þegar tryggt sér ríflega 4 milljónir evra eða ríflega 600 milljónir króna og hafa því íslensku félagsliðin þegar fengið um 900 milljónir króna inn í íslenskan fótbolta með þátttöku sinni í Evrópukeppninni þetta árið sem verður að teljast býsna gott og kemur íslenskri knattspyrnu í heild til góða.

Víkingur er sem stendur í sæti 308 á styrkleikalista UEFA en mótherjar liðsins eru allir nema lið Noah hærra skrifuð á styrkleikalistanum

LASK er það lið sem er hæst en liðið er í 64.sæti listans, því næst kemur lið Omonoia í sæti 109, svo lið Cercle Brugge í 148.sæti, Borac í sæti 238 og Noah rekur svo lestina í sæti 378.

Óljóst er þegar þetta er skrifað hvar Víkingur mun leika heimaleiki sína í keppninni.



Stuð og stemming á heimavelli Hamingjunnar fram að jólum?

POT 1	POT 1	POT 2	POT 3	POT 4	POT 5	POT 6
CHELSEA	GENT	HEIDENHEIM	ASTANA	SHAMROCK ROVERS	PANATHINAIKOS	NOAH
COPENHAGEN	REAL BETIS	BAŞAKŞEHİR	SK RAPID	HEARTS	JAGIELLONIA	DYNAMO-MINSK
GENT	CHELSEA	MOLDE	OMONIOIA	LUGANO	TSC	LARNE
FIorentINA	LASK	APOEL	VITÓRIA SC	THE NEW SAINTS	ST. GALLEN	PAFOS
LASK	FIorentINA	DJURGÅRDEN	OLIMPIJA	CERCLE BRUGGE	BORAC	VÍKINGUR R.
REAL BETIS	COPENHAGEN	LEGIA WARSZAWA	HELSINKI	MŁADÁ BOLESŁAV	A. PETROCUB	CELJE

POT 2	POT 1	POT 2	POT 3	POT 4	POT 5	POT 6
BAŞAKŞEHİR	COPENHAGEN	HEIDENHEIM	SK RAPID	CERCLE BRUGGE	PETROCUB	NOAH
MOLDE	GENT	APOEL	HELSINKI	MŁADÁ BOLESŁAV	JAGIELLONIA	LARNE
LEGIA WARSZAWA	REAL BETIS	DJURGÅRDEN	OMONIOIA	LUGANO	TSC	DYNAMO-MINSK
HEIDENHEIM	CHELSEA	BAŞAKŞEHİR	OLIMPIJA	HEARTS	ST. GALLEN	PAFOS
DJURGÅRDEN	LASK	LEGIA WARSZAWA	VITÓRIA SC	THE NEW SAINTS	PANATHINAIKOS	VÍKINGUR R.
APOEL	FIorentINA	MOLDE	ASTANA	SHAMROCK ROVERS	BORAC	NOAH


POT 3	POT 1	POT 2	POT 3	POT 4	POT 5	POT 6
SK RAPID	COPENHAGEN	BAŞAKŞEHİR	OMONIOIA	SHAMROCK ROVERS	PETROCUB	NOAH
OMONIOIA	GENT	LEGIA WARSZAWA	SK RAPID	HEARTS	BORAC	VÍKINGUR R.
HELSINKI	REAL BETIS	MOLDE	OLIMPIJA	LUGANO	PANATHINAIKOS	DYNAMO-MINSK
VITÓRIA SC	FIorentINA	DJURGÅRDEN	ASTANA	MŁADÁ BOLESŁAV	ST. GALLEN	CELJE
ASTANA	CHELSEA	APOEL	VITÓRIA SC	THE NEW SAINTS	TSC	PAFOS
OLIMPIJA	LASK	HEIDENHEIM	HELSINKI	CERCLE BRUGGE	JAGIELLONIA	LARNE

POT 4	POT 1	POT 2	POT 3	POT 4	POT 5	POT 6
CERCLE BRUGGE	LASK	BAŞAKŞEHİR	OLIMPIJA	HEARTS	ST. GALLEN	VÍKINGUR R.
SHAMROCK ROVERS	CHELSEA	APOEL	SK RAPID	THE NEW SAINTS	BORAC	LARNE
THE NEW SAINTS	FIorentINA	DJURGÅRDEN	ASTANA	SHAMROCK ROVERS	PANATHINAIKOS	CELJE
LUGANO	GENT	LEGIA WARSZAWA	HELSINKI	MŁADÁ BOLESŁAV	TSC	PAFOS
HEARTS	COPENHAGEN	HEIDENHEIM	OMONIOIA	CERCLE BRUGGE	PETROCUB	DYNAMO-MINSK
MŁADÁ BOLESŁAV	REAL BETIS	MOLDE	VITÓRIA SC	LUGANO	JAGIELLONIA	NOAH

POT 5	POT 1	POT 2	POT 3	POT 4	POT 5	POT 6
PETROCUB	REAL BETIS	BAŞAKŞEHİR	SK RAPID	HEARTS	JAGIELLONIA	PAFOS
ST. GALLEN	FIorentINA	HEIDENHEIM	VITÓRIA SC	CERCLE BRUGGE	TSC	LARNE
PANATHINAIKOS	CHELSEA	DJURGÅRDEN	HELSINKI	THE NEW SAINTS	BORAC	DYNAMO-MINSK
TSC	GENT	LEGIA WARSZAWA	ASTANA	LUGANO	ST. GALLEN	NOAH
BORAC	LASK	APOEL	OMONIOIA	SHAMROCK ROVERS	PANATHINAIKOS	VÍKINGUR R.
JAGIELLONIA	COPENHAGEN	MOLDE	OLIMPIJA	MŁADÁ BOLESŁAV	PETROCUB	CELJE

POT 6	POT 1	POT 2	POT 3	POT 4	POT 5	POT 6
CELJE	REAL BETIS	BAŞAKŞEHİR	VITÓRIA SC	THE NEW SAINTS	JAGIELLONIA	PAFOS
LARNE	GENT	MOLDE	OLIMPIJA	SHAMROCK ROVERS	ST. GALLEN	DYNAMO-MINSK
DYNAMO-MINSK	COPENHAGEN	LEGIA WARSZAWA	HELSINKI	HEARTS	PANATHINAIKOS	LARNE
PAFOS	FIorentINA	HEIDENHEIM	ASTANA	LUGANO	PETROCUB	CELJE
VÍKINGUR R.	LASK	DJURGÅRDEN	OMONIOIA	CERCLE BRUGGE	BORAC	NOAH
NOAH	CHELSEA	APOEL	SK RAPID	MŁADÁ BOLESŁAV	TSC	VÍKINGUR R.

Frá drættinum í Sambandsdeildinni í Mónakó



Aðsókn dregist saman eftir frábæra aðsókn í byrjun

Eftir verulega fjölgun áhorfenda á leiki í Bestu deild karla fyrri hluta tímabilsins hefur aðsókn dregist saman á síðari hlutanum. Eftir fyrstu 9 umferðirnar var tæplega 17% fjölgun áhorfenda frá árinu 2023 en frá og með 10. umferð hafa verið færri áhorfendur í nánast hverri umferð sé miðað við árið á undan, þ.e. á tímabilinu frá miðjum júní og allt fram að síðustu umferð hafa færri áhorfendur sótt hverja umferð en keppnistímabilið 2023.

Þrátt fyrir það hafa þó fleiri áhorfendur sótt leikina í þessum 18 umferðum heldur en í fyrrasumar, fjölgunin er um 1% en rúmlega 95 þúsund áhorfendur hafa sótt vellina í Bestu deild karla eða að jafnaði 884 áhorfandi á hverjum leik.

Líkt og á öðrum viðburðum má hugsanlega rekja dræma aðsókn síðari hluta tímabilsins til súldar sem hefur haldið sig yfir Íslandi undanfarnar vikur og mánuði en enn á eftir að ljúka 3 umferðum og vonandi verður spennan í mótinu sem dregur að fjölda áhorfenda.

Ein skýring á minnkandi aðsókn í júní og fram í júlí gæti jafnframt verið sú að brottförum Íslendinga til útlanda í júní 2024 fjölgaði um 17% frá árinu áður skv. upplýsingum frá Ferðamálastofu, en voru umtalsvert færri í upphafi keppnistímabilsins í samanburði við árið 2023.

Eins og staðan er í dag er a.m.k. allt sem bendir til þess að síðustu umferðirnar geti boðið upp á athyglisverða leiki sem og úrslitakeppnin sem hefst 22.september. Mikil spennan er á toppi deildarinnar, barátta um Evrópusæti er grjóthörð þar sem 4.sæti deildarinnar gæti gefið Evrópusæti á næsta ári og botnbaráttan er jafnframt æsispennandi.

Besta aðsóknin hefur verið á Kópavogsvöll hjá Breiðablik en 1.250 áhorfendur hafa sótt heimaleiki liðsins að meðaltali það sem af er tímabilinu en þar á eftir koma KR, Valur og Víkingur.




Barcelona er Evrópumeistari kvenna 2024

Kvennaliðin byrja vel í Evrópu

Íslands – og bikarmeistarar Vals og Breiðablik hófu leik í undankeppni meistaradeildar kvenna 4.september.

Valsstúlkur léku í Hollandi og unnu mjög öruggan 10-0 sigur á Ljuboten frá N-Makedóníu sem er í 102.sæti á styrkleikalista UEFA á meðan Valur er í sæti 40 á sama lista. Valur mun því leika gegn Twente frá Hollandi laugardaginn 7.september. Twente er í 41.sæti styrkleikalistans og má því búast við spennandi viðureign. Vinni Valur leikinn eru þær komnar í 2.umferð undankeppinnar en dregið verður mánudaginn 9.september og munu mörg stór lið koma inn í þá umferð.

Breiðablik vann einnig öruggan sigur í sínum leik, gegn Minsk frá Belarús, 6-1 á Kópavogsvelli og leikur um sæti í 2.umferð undankeppinnar við Sporting frá Portúgal. Breiðablik er í 51.sæti listans en Sporting er í 68.sæti listans. Öflug byrjun hjá liðunum og góðir möguleikar á laugardaginn.



Lítilsháttar fjölgun áhorfenda á leikjum í Bestu deild kvenna

Nú þegar hefðbundinni deildarkeppni er lokið í Bestu deild kvenna þá er lítilsháttar fjölgun á áhorfendum frá síðasta ári. Að loknum 18.umferðum var meðalfjöldi áhorfenda á hvern leik í deildinni 209 en voru 200 árið 2023, samtals voru 18.814 áhorfendur á leikina 90 sem lokið er. Best var aðsóknin á fyrstu umferðina en 1.807 áhorfendur mættu á þá umferð eða 361 áhorfandi á hvern leik að meðaltali. Minnsta aðsóknin var hins vegar á leikina í 16.umferð þegar aðeins 670 áhorfendur mættu á leikina eða 134 áhorfandi að meðaltali á hvern leik.

Nýliðarnir í deildinni, Fylkir og Víkingur, voru að jafnaði með flesta áhorfendur á sínum heimaleikjum en 337 að meðaltali mættu á heimaleiki Fylkis og 271 áhorfandi mætti að meðaltali á leiki Víkings. Flestir áhorfendur voru á leik Þróttar og Breiðabliks eða 867.

Minnst var aðsókn á heimaleiki Keflavíkur eða að meðaltali 81 áhorfandi á hvern leik.

Úrslitakeppnin hófst 30.ágúst, og er að sjálfsögðu vonast til þess að áhorfendur fjölmenni á leikina í úrslitakeppninni. Úrslitakeppnin telur 21 leik og spenna bæði um toppsætið og fallsætin tvö og því engin ástæða til annars en að áhugi verði á leikjunum sem eftir eru. Að lokinni úrslitakeppninni í fyrrasumar voru áhorfendur samtals 23.378 og stefnt að sjálfsögðu að því að auka þann fjölda verulega að lokinni úrslitakeppninni núna.

Eins og sést á myndinni hér að ofan dettur áhorfendafjöldi umtalsvert niður í umferðum 7-12 eða frá miðjum júní fram í miðjan júlí en tekur svo aftur við sér eftir miðjan júlímánuð. Líklegt skýring er Súldarsumarið mikla í Reykjavík þegar Íslendingar flykkust til útlanda í stórum stíl á þessu tímabili.

Aukið áhorf á Bestu deild karla frá útlöndum

Sjónvarpsréttur á Bestu deild karla erlendis er hjá OneFootball í gegnum Europa Leagues og vel er fylgst með þróun áhorfs á deildina hjá fyrirtækinu.

Áhorf á deildina í gegnum OneFootball er aðeins í boði erlendis frá, ekki er hægt að horfa á leikina í gegnum síðuna hér á landi. Íslendingar erlendis og aðrir eru í auknum mæli að nýta sér þennan möguleika og hefur áhorfið á deildina verið að aukast frá síðasta tímabili.


Á tímabilinu apríl – október 2023 voru samtals 80.595 áhorf á leikina 128 sem í boði voru eða að jafnaði um 630 áhorf á hvern leik. Mest var áhorfið í maí 2023 þegar 25.600 áhorf voru á leikina 32 sem í boði voru þann mánuðinn, eða að jafnaði um 800 áhorf á hvern leik.

Áhorfið á yfirstandandi tímabili stefnir í að verða enn betra en á síðasta tímabili og þróunin hefur verið með nokkuð öðru móti, áhorfendum á OneFootball hefur fjölgað frá mánuði til mánaðar frá því mótið hófst í apríl.

Það er athyglisvert að mest áhorf á deildina er frá Brasilíu en þar á eftir koma Ítalía, Þýskaland, Bretland og Bandaríkin.

55 þús áhorf hafa verið á leikina 79 sem eru komnir inn í samantekt, eða um 700 áhorf á hvern leik að jafnaði. Mest hefur áhorfið í heilan mánuð verið í júní eða um 21 þús áhorf á 24 leiki eða 875 áhorf á hvern leik að meðaltali en hins vegar eru 6.100 áhorf í júlí á aðeins 6 leiki sem eru í samantektinni sem komin er, ríflega 1.000 áhorf á hvern leik.

Jákvæð þróun og vonandi verður framhald á, hér að neðan má sjá þróunina myndrænt frá því í upphafi tímabils 2023 og út júní 2024 á OneFootball





Finnsku meistararnir í KuPS er elsta liðið í yngstu deild Evrópu

Áhugaverður samanburður BD kvenna við aðrar deildir

CIES Football Observatory heldur utan um ýmsa tölfræði úr fótoltanum í heiminu og gerir gjarnan samanburð á milli deilda reglulega, s.s. varðandi aldursskiptingu, fjölda leikmanna hjá hverju félagi, spiltíma ungra leikmanna og fleira áhugavert.

Í júní var gefin út samanburður á milli helstu kvennadeilda í heiminum og er óhætt að segja að sá samanburður hafi verið býsna áhugaverður en miðað er við gögn úr deildunum keppnistímabilin 2023 og 2024.

Ef skoðaðar eru niðurstöður varðandi aldur leikmanna í deildunum, og þá er miðað við aldur þeirra leikmanna sem leika leikina (semsagt ekki ónotaðir varamenn) þá kemur í ljós að í 19 deildum sem samanburður var gerður á var meðalaldur leikmanna í þessum kvennadeildum 25,2 ár. Félaglið í N-Evrópu eru líklegust til þess að tefla fram ungum leikmönnum á meðan deildirnar í Brasilíu og í Bandaríkjunum tefla fram elstu leikmönnum.

Finnska deildin teflir fram yngstu leikmönnum eða leikmönnum með meðalaldurinn 22,1 ár, síðan koma hollenska deildin og sú norska en Besta deild kvenna er sú deild sem er með fjórða lægsta meðalaldurinn eða 23,4 ár. Til samanburðar má t.d. nefna að meðalaldur leikmanna í þýsku Bundesliga er 24,8 ár.

Aldurssamsetningin er líka áhugaverð en í samanburðinum er aldurssamsetningunni er skipt í fjóra aldursflokka, þ.e. 21 árs og yngri, 22-25 ára, 26-29 ára og 30 ára og eldri. Finnska deildin er með langflesta leikmenn í yngsta aldursflokknum en 46% leikmanna í deildinni eru 21 árs eða yngri. Besta deildin og hollenska deildin eru með næst flesta leikmenn í yngsta aldursflokknum en 35% leikmanna þessara deilda eru 21 árs og yngri. Í Bestu deildinni eru svo 38% leikmanna í aldursflokknum 22-25 ára þannig að 73% leikmanna Bestu deildar kvenna eru 25 ára eða yngri. Aðeins 8% leikmanna Bestu deildarinnar eru 30 ára eða eldri en hlutfallið er t.d. 25% í ítölsku efstu deildinni og 13% í sænsku deildinni.

Jafnframt er gerður samanburður á milli félaga í þessum 19 deildum og þar er vissulega skemmtilegur fróðleikur. Samkvæmt þessari samantekt var lið FH það yngsta í Bestu deildinni en meðalaldurinn þar var 20,8 ár og gerir það FH að sjötta yngsta félagliðinu úr öllum 19 deildunum sem voru í þessum samanburði.

Fylkir og Víkingur voru svo næst þar á eftir með meðalaldur upp á 22,3 ár og 22,6 ár. Valur var með hæsta meðalaldurinn af íslensku liðunum eða 25,6 ár og þar næst kom lið Þróttar með meðalaldur uppá 24,7 ár.

Fjöldi erlendra leikmanna, þ.e. leikmanna sem ekki eru uppaldir í íslenskum félagliðum, var hæstur hjá liði Keflavíkur en erlendir leikmenn léku 55% af leiknum mínútum, því næst koma Tindastóll og Þróttur en kemur ekki á óvart að Breiðablik er með flesta uppalda leikmenn, leikmenn sem ekki eru uppaldir hjá íslenskum félagliðum léku aðeins 7,8% af leiknum mínútum hjá Breiðablik.

Fleiri áhugaverðar upplýsingar úr þessari samantekt má finna á heimasíðu ÍTF undir áhugaverðar skýrslur [Skýrslur & gögn – Íslenskur Toppfótbolti \(toppfotbolti.is\)](#)

Figure 4: average age on the pitch, extreme values per club

Leagues ->	ISL	Age
Valur Reykjavík (ISL)		25.6 yrs
Þróttur Reykjavík (ISL)		24.7 yrs
Keflavík ÍF (ISL)		24.2 yrs
Breiðablik UBK (ISL)		23.7 yrs
Thór / KA Akureyri (ISL)		23.6 yrs
UMF Tindastóll (ISL)		23.6 yrs
UMF Stjarnan (ISL)		23.5 yrs
Víkingur Reykjavík (ISL)		22.6 yrs
Fylkir FC (ISL)		22.3 yrs
FH Hafnarfjörður (ISL)		20.8 yrs

Meðalaldur leikmanna í BD kvenna skv. samantektinni



Ballon D'or eru virtustu einstaklingsverðlaunin sem knattspyrnumaður getur hlotið

Glódís tilnefnd til virtustu verðlaunanna!

HK ingurinn Glódís Perla Viggósdóttir, núverandi leikmaður Bayern Munchen, hefur verið tilnefnd til virtustu einstaklingsverðlauna sem knattspyrnumaður getur hlotið, Ballon D'or eða Gullboltans.

Verðlaunin þekkjja allir knattspyrnuáhugamenn en þau hafa verið afhent árlega en nú í fyrsta skipti í samstarfi UEFA, France Football og L'Équipe.

Með tilnefningunni er Glódís Perla viðurkennd sem ein af 30 bestu knattspyrnukonum heims og er þar verðskuldað á lista með margföldum heims – og Evrópumeisturum.

Glódís Perla hóf feril sinn hjá HK í yngri flokkunum og svo með HK/Víkingi í meistaraflokki en skipti svo yfir í Stjörnuna árið 2012 og lék í efstu deild í þrjú tímabil, 2012, 2013 og 2014, áður en hún hélt til Svíþjóðar þar sem hún lék með Eskilstuna og Rosengard.

Árið 2021 skipti hún svo yfir í eitt allra stærsta knattspyrnulið Evrópu, Bayern Munchen, þar sem hún tók við fyrirliðabandinu haustið 2023 en hún hefur orðið þýskur meistari með stórveldinu undanfarin tvö tímabil.

A-landsleikirnir eru nú orðnir 128 skv. heimasíðu KSÍ auk þess Glódís hefur leikið fjölda landsleikja með yngri landsliðunum. Hún lék sinn fyrsta A-landsleik árið 2012 þegar Ísland gerði 1-1 jafntefli gegn Skotlandi ytra undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar og Guðna Kjartans.

Í liðinu þá voru margar af fræknustu leikmönnum landsliðsins í gegnum tíðina, hópur sem átti eftir að koma verulega við sögu á lokamótum EM á næstu árum. Má þar t.d. nefna Þóru Björgu Helgadóttur, Eddu Garðars, Katrínu Ómars, Sif Atla, Söru Björk og Dóru Maríu Lárusdóttur. Í hópnum þá, árið 2012, voru tveir leikmenn sem leika nú í Bestu deild kvenna, Fanndís Friðriksdóttir og markahæsti leikmaður deildarinnar, Sandra María Jessen.

Tilnefning Glódísar er gríðarleg viðurkenning á ferli hennar og staðfestir mikilvægi hennar bæði fyrir hennar félagslið sem og íslenska landsliðið. Ekki síður er tilnefningin viðurkenning frammistöðu íslenskra knattspyrnukvenna á erlendri grundu en þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur leikmaður hlýtur tilnefningu til þessara verðlauna.



Glódís er fyrirliði þýska stórliðsins, Bayern Munchen

Verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn mánudaginn 28.október í París en Ísland leikur einmitt vináttuleik við Bandaríkin ytra sunnudaginn 27.október og má því búast við að Glódís missi af þeirri athöfn.

Til hamingju Glódís Perla með verðskuldaða viðurkenningu!